

Nr. 17-123 S 092 Magni***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2686
Smíðaður: Rúmeníu 2006, stál
Stærð: 122,7 brl. 141,2 bt.
Mesta lengd: 22 m Skráð lengd: 20,41 m
Breidd: 7,8 m Dýpt: 3,74 m
Vél: Caterpillar 954 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 3



Magni © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 31. júlí 2017 var dráttarbáturinn Magni í Hvalfirði. Veður: N gola og sjólítið.

Þegar Magna var lagt að flutningaskipinu Ardmore Seahawk til að sækja hafnsögumann kom lítilsháttar högg á bátinn. Einn skipverjanna var ekki viðbúinn þessu og féll með þeim afleiðingum að hann brákaðist á hendi.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði kvaðst hafa verið út á þilfari og verið að horfa annað þegar báturinn kom að skipinu. Hann sagði að höggið hefði alls ekki verið óeðlilegt en hann hafi bara óviðbúinn þegar hann féll.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.